



Landssamband æskulýðsfélaga

5. fundur framkvæmdastjórnar 2009 – 2010

Haldin í Hinu húsinu

24. september 2009

Mættir: Unnur Hjálmarsdóttir (UH), Sindri Snær Einarsson (SSE) og Auður Geirsdóttir (AuG) og Arnþór Gíslason Auk þess sat fundinn Hildur Tryggvadóttir Flóvenz framkvæmdastjóri. Forföll boðaði Raket Brynjólfssdóttir (RB).

Fundur settur: 13:21

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lög fram og samþykkt samhljóða.

2. Frá framkvæmdastjóra

HTF sagði frá fundi sem hún átti með formanni Almannaheilla. Í máli hennar kom fram að LÆF væru velkomin í samtökin ef við vildum og bauð okkur að vera viðstödd einn stjórnarfund hjá félaginu. HTF sagði frá réttindum og skildum sem sem LÆF myndi öðlast með aðild að Almannaheill sem og kostnaði við félagsaðild. Ákveðið að huga ekki að aðild í bili en halda áfram að fylgjast með framgangi Almannaheilla og eiga við þau góð samskipti.

HTF sagði frá því að nafspjöld væru komin í hús sem og nýtt bréfsefni félagsins.

HTF sagði frá því að hún hefði stuttlega hitt forsvarsmann Dags án ofbeldis sem haldin verður 2. október n.k. Stefnt er að því að búa til friðarmerki á Miklatúni í tilefni dagsins.

HTF sagði frá því að hún hefði tekið þátt í könnun á vegum YFJ um Youth Friendly health service fyrir hönd LÆF.

HTF sagði loks frá því að hún hefði átt óvæntan fund með BSRB og frétt að þar er eitthvað ungmennastarf í gangi og að BSRB mun álykta um þátttöku ungs fólks í verkalýðsfélögum á næsta þingi sínu.

3. Niðurstöður vinnudags og næstu skref

UH fór yfir niðurstöður vinnudags stjórnar sem haldin var í lok ágúst s.l. Næstu skref eru að forgangsraða verkefnum. Ákveðið var að forgangsverkefni verða að koma á ungmennastefnu á Íslandi, standa fyrir nýrri gerða þings unga fólksins, staða ungs fólks í dag, vitundavakning um mikilvægi æskulýðsstarfs og betri tenginu við aðildarfélag og fulltrúaráð. UH lagði til að hver og einn stjórnarmaður tæki að sér ákveðið þema og bæri ábyrgð á því. Ákveðið að SSE sæi um atvinnumál og stöðu ungs fólks í dag, UH bæri ábyrgð á gerð ungmennastefnu og AuG bæri ábyrgð á betri tengingum við aðildarfélag og fulltrúaráð.

HTF fór í stuttu máli yfir þau verkefni í niðurstöðulista vinnudagsins og sagði frá við hvaða verkefni væri hafin vinna og hverju væri lokið. Miklar umræður sköpuðust um verkefni og það ástand sem ungt fólk býr nú við.

Ákveðið var að HTF myndi gera lista að hugmyndum að greinum og senda á stjórn. AG tók að sér að skrifa a.m.k. eina grein og HTF mun einnig skrifa a.m.k. eina grein.

4. Dagskrá vetrarins

HTF sagði frá því búið væri að staðfesta að Áslaug Björgvinsdóttir lögfræðingur haldi fyrirlestur um lagaumhverfi félagasamtaka mánudaginn 5. okt kl. 17:00. Einnig er búið að staðfesta við Andrés Jónsson að hann haldi PR námskeið miðvikudaginn 21. okt kl. 17.00. Ákveðið að SSE bæri ábyrgð á fyrirlestir Áslaugar og AuG á námskeiði Andrésar.

HTF sagði frá því að hún hefði haft samband við JCI hreyfinguna á Íslandi að halda námskeið í fundarstjórnnum og/eða framkomu í nóvember. Þeir eru jákvæðir og vilja heyra fá okkur hvað við viljum nákvæmlega. Eftir nokkrar umræður var ákveðið að hafa námskeið í framkomu og hafa samband við fleiri mögulega námskeiðhaldara í þessum efnum.

5. Fundir með ráðherra og fjárlaganefnd

Þetta mál er í biðstöðu. Búið að óska eftir að fundi með ráðherra og óskað verður eftir fundi með fjárlaganefnd fljótlega.

6. Kynningarstarf

HTF sagði frá því að Facebook síða LÆF þyrfti upplýftingu enda ekki allveg nógu margir aðdáendur þar. Allir stjórnarmenn hvattir til að bjóða sínum félögum og félögum í sínum aðildarfélögum að gerast aðdáendur. HTF minnti einnig á að allir stjórnarmenn eru admin á síðunni.

HTF ýtrekaði að stjórnarmenn lét hana vita af fréttum af sínum félögum til að setja á www.aeska.is.

HTF spurði hvort huga ætti að því að gera kynningabækling. Ákveðið var að bíða með það fram yfir áramót.

7. Alþjóðastarf

- a) UH minnti á að enn vantaði nokkrar skýrslur af ferðum stjórnarmanna erlendis.
- b) AuG sagði frá því að hún RB og Snærós Sindradóttir frá UVG hefðu verið samþykktar að taka þátt í undirbúningsfundi vegna COP15 fundar SP í desember á þessu ári. Á fundinum sem þær sækja mun vera formað hvaða input ungt fólk ætlar að koma á COP15 fundinn.
- c) UH sagði frá því að HTF myndi sækja fund framkvæmdastjóra YFJ í Brussel 9.okt n.k.
- d) HTF sagði frá lagabreytingum sem hún tók þátt í að gera með DUF og LiJOT á lögum YFJ. Lagabreytingarnar verða teknar fyrir á Comem sem fer fram á Ítalíu í nóvember.
- e) SSE sagði frá því fundi sem hann átti í Brussel með YFJ um atvinnumálaverkefni. Ákveðið að LÆF tæki þátt í Jobnet, job training og vitundavakningu um réttindi á vinnumarkaði.

8. Bréf og önnu skjöl sem þarfnast afgreiðslu

- a) Bréf barst frá Norðulandráði þar sem beðið var um aðstoð við að finna einstakling til að taka þátt í hádegisfundi í Stokkhólmi meðan á þing Norðulandaráðs stendur yfir þar

sem rætt verður um atvinnumál ungs fólks. Ákveðið að allir leggi höfuðu í bleyti. Viðkomandi þarf að geta tjáð sig á norðulandtungumáli.

9. Önnur mál

- a) Fundartími stjórnar. Ákveðið að reyna hafa fasta fundartíma á þriðjudögum kl. 19:00. Næsti fundur festur þriðjudaginn 13. október kl. 19:00.

Ekki var fleira rætt á fundinum og fundi slitið kl. 15:05.

Fundargerð ritaði:

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz
framkvæmdastjóri